

RNSA



Rannsóknarnefnd samgönguslysa

# YFIRLIT ÁRSINS 2016

## SJÓATVIK

# YFIRLIT ÁRSINS 2016



## SJÓATVIK

Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík  
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

**Icelandic Transportation Safety Board (ITSB)**

**[www.rnsa.is](http://www.rnsa.is)**

*Þann 21. febrúar 2013 voru samþykkt lög nr. 18/2013 á Alþingi, um rannsókn samgönguslysa. Með lögnum er starfsemi Rannsóknarnefndar flugslysa, Rannsóknarnefndar sjóslysa og Rannsóknarnefndar umferðarslysa sameinuð í eina rannsóknarnefnd. Þá voru nefndirnar þrjár sameinaðar í eina sjö manna rannsóknarnefnd samgönguslysa sem heyrir undir innanríkisráðherra ásamt sex varamönnum. Lögin tóku gildi þann 1. júní 2013. Tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá RNSA (sjólsys).*

*Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsókn samkvæmt lögnum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa segir í fyrstu grein laganna.*

## Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN.....	4
YFIRLIT ÁRSINS 2016 HJÁ RNSA - SJÓSLYSASVIÐ .....	4
VETTANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2016.....	5
BANASLYS .....	5
SLYS Á FÓLKI .....	6
Meðalaldur slasaðra.....	6
Stöðugildi slasaðra .....	6
Aðgerð skips við slys á fólki .....	7
SKIP – TEGUND ATVIKA .....	8
ÖNNUR VERKEFNI .....	9
Mál nr. 2015-119S072 Jón Hákon - Upptaka .....	9
Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2016 .....	10
Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ og RNSA 2004-2016 .....	10
Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ 2000-2016 .....	10
AÐILAR SEM TILKYNNNA EIGA ATVIK TIL RNSA 2005 – 2016.....	11
ERLENT STARF 2016 .....	12
Námskeið erlendis.....	12
EMSA úttekt.....	12
MAIIF - Alþjóðasamtök.....	12
EMAIF - Evrópusamtök.....	12
SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2016 .....	13

## NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) er skipuð af samgönguráðherra.

Í starfi fyrir nefndina RNSA-sjóslysasvið voru á árinu 2016: Geirprúður Alfreðsdóttir formaður, Ingi Tryggvason nefndarmaður, Hilmar Snorrason nefndarmaður, Pálmi Jónsson varanefndarmaður og Hjörtur Emilsson varanefndarmaður.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi hjá RNSA sjóslysasviði, Jón A. Ingólfsson rannsóknarstjóri og Einar Ingi Einarsson rannsakandi.

## YFIRLIT ÁRSINS 2016 HJÁ RNSA - SJÓSLYASVIÐ


Á árinu 2016 voru haldnir sjö fundir hjá RNSA-sjóslysasviði og voru 94 lokaskýrslur afgreiddar. Um áramót var staðan sú að afgreiðsla á einu máli hafði verið frestað og í frekari vinnslu.

Lokaskýrslur, sem voru afgreiddar með nefndaráliti, voru 44. Fimm tillögur voru gerðar í öryggisátt og sérstakar ábendingar voru gerðar í nokkrum afgreiddum málum.

Um áramótin átti nefndin eftir að taka fyrir 54 mál frá árinu 2016 og átta mál frá árinu 2015 sem höfðu dregist af ýmsum ástæðum.

Tilkynnt og skráð mál hjá RNSA-sjóslysasviði voru samtals 104 en voru 129 á árinu 2015 og 98 á árinu 2014. Á töflunni hér að neðan má sjá grófa flokkun á eðli mála ársins í samanburði við síðastliðin tíu ár. Einnig má sjá á töflunni meðaltal árána á undan þ.e.a.s. frá 2006 til 2015.

### SKRÁÐ MÁL HJÁ RNSA 2006 - 2016




Slysaskrá 2016 er í heild sinni í lok yfirlitsins á bls. 14 - 16

Skráðum málum fækkar á milli ára 2015-2016 um 19% og er árið 2016 um 31% undir meðaltali ára frá 2006 til 2015. Fækkun er í öllum málaflokkum að meðaltali að banaslysum undanskyldum sem voru tvö á árinu. Á árinu 2016 voru skráð slys á fólki um 8% undir meðaltali ára á undan.

## VETTVANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2016

Flest skráð atvik hjá RNSA sjóslysasviði eru á NV svæði (32), sem markast af svæðinu frá Snæfellsnesi að Siglufirði og SV svæði (31), sem markast af Dyrhóley að Snæfellsnesi. Á kortinu sést hlutfallsleg skipting á milli svæða en á NA svæði eru 21 atvik skráð, SA svæði 10 atvik og á erlendu svæði átta atvik.



## BANASLYS

Tvö banaslys urðu á árinu 2016 en eitt á árinu 2015. Fyrra slysið varð þann 25. apríl á Húnaflóa þegar skipverji flæktist í veiðarfæri og tók útbyrðis. Seinna slysið varð 11. maí þegar að bát hvolfdi á Vestfjarðamiðum. Á síðustu tíu árum hafa að meðaltali orðið tvo banaslys á ári en árunum 2008, 2011 og 2014 urðu engin banaslys á íslenskum sjómönnum.

## SLYS Á FÓLKI

Skráð slys á fólki á árinu 2016, önnur en banaslys, voru 53 en á árinu 2015 urðu þau 51 og 42 árið 2014.

Í eftirfarandi töflu má sjá skiptingu á slysum á fólki eftir skipategundum.

<i>Tegund skips</i>	<i>Fjöldi slysa</i>
<i>Slys á fiskiskipum undir 20 BT</i>	0
<i>Slys á flutningaskipum</i>	14
<i>Slys á neta, skel og línubátum</i>	14
<i>Slys á nótaveiðiskipum</i>	1
<i>Slys á dráttarskipum</i>	1
<i>Slys á togveiðiskipum</i>	13
<i>Slys á dýpkunarskipum</i>	1
<i>Slys á rannsóknarskipum</i>	1
<i>Slys á ferjum og farþegaskipum</i>	7
<i>Slys á varðskipum</i>	1

Flest slys á fólki urðu um borð við veiðar (21), á siglingu (19) og í höfn við legufæri (13). Athygli vekur að slys á farþegaskipum og ferjum urðu 7 á árinu en ekkert slys var skráð á þeim á árinu 2015. Í öllum tilfellum er um að ræða farþega og tvö þeirra voru á harðbotna slöngufarþegabátum. Einn farþegi slasaðist á skelfiskveiðibát. Enginn slys voru á fiskiskipum undir 20 BT en aðeins eitt var skráð á árinu 2015.

Algengustu slys voru fallslys af ýmsum toga (19) en önnur slys voru m.a. við vindur, fiskvinnsluvélar, færribönd, skurðir og stungur ýmiskonar. Önnur algeng slys voru þegar menn urðu á milli og klemmdust, við löndun, landfestar, sjóbúnað o.s.fr.v.

### Meðalaldur slasaðra


Meðalaldur slasaðra var 48 ár en yngsti var 22 ára og sá elsti 77 ára. Um 40% slysa á fólki (21) áttu sér stað á SV hluta landsins.

### Stöðugildi slasaðra

Eins og áður þá eru undirmenn á skipum sem eru í miklum meirihluta þeirra sem slasast en á árinu 2016 voru þeir um 60% slasaðra. Slasaðir farþegar voru á árinu um 15% af skráðum slysum.


Á línuritinu hér að neðan má sjá fjölda slasaðra sjófarenda og skiptingu þeirra eftir stöðu þeirra um borð í skipum.

## STÖÐUGILDI SLASADRA 2016



## Aðgerð skips við slys á fólki

Á súluritinu hér að neðan sést við hvaða aðstæður slys á fólki voru sem skráð voru hjá RNSA.



## SKIP – TEGUND ATVIKA

Á töflunni má sjá skiptingu skráðra atvika hjá RNSA eftir tegundum skipa. Undir liðnum annað eru atvik þegar skip missti gúmmíbjörgunarbat, reykur í vélarúmi o.s.fr.v.

	Ásigling	Banaslys	Eldur	Leki	Sekkur	Strand	Tók niðri	Vélarbilun	Efnaslys	Annað
Björgunarskip								1		
Farþegaskip/ferjur	1					1	1	2		1
Flutningaskip										
Minni fiskibátar		2		1	2	2	1	20		
Línuveiðiskip						2		5		1
Rannsóknarskip						1				
Skemmtibátar						1		2		1
Togveiðiskip			1					3		1

Eitt skip sökk á árinu og einu hvolfdi á siglingu en þau voru sex á árinu 2015. Það sem sökk var vegna leka þar sem það lá í höfn en banaslys varð á skipinu sem sem hvolfdi. Báðum þessum skipum tókst að ná á land.

Níu atvik voru skráð þar sem skip strönduðu eða tóku niðri en voru átta árið 2015. Eitt af þessum atvikum var sannarlega vegna þess að stjórnandi sofnaði en rannsókn sumra þessara atvika er ekki lokið.

Einn árekstur/ ásigling varð á árinu en voru fimm árið 2015. Einn eldsvoði varð á árinu en sex á árinu 2015.

Fækkun varð á skráðum atvikum þegar bátar eða skip voru dregin til hafnar vélarvana af ýmsum ástæðum. Þau urðu 30 en voru 42 árið 2015. Jákvæð þróun hefur orðið í þessum efnunum ef horft er til lengri tíma.

RNSA fylgist náið með þessum atvikum vegna þess lærdóms sem má af þeim draga. Skýringin á þessu hefur helst verið að finna vegna ýmissa vandræða hjá strandveiðibátum en á árinu voru skráð 20 mál vegna þeirra og svo var einnig á árinu 2015. Meðalfjöldi þessara atvika eru um 40 á ári frá 2005.



## ÖNNUR VERKEFNI

### Mál nr. 2015-119S072 Jón Hákon - Upptaka

Með stærri verkefnum RNS (*Rannsóknarnefndar sjóslysa*) og síðan RNSA er upptaka á flaki Jón Hákons BA 60 (sskr. 1955) sem hvolfdi og sökk á Vestfjarðamiðum þann 7. júlí 2015 með þeim afleiðingum að einn skipverji lést. Eftir frumrannsókn þótti nauðsynlegt að taka flakið upp til að unnt væri að ganga úr skugga um hvort skipið hafi verið lekt, sannreyna gildandi stöðugleikagögn þess sem og að leita skýringa á því hvers vegna björgunarbátar losnuðu ekki frá því þegar það sökk.

Undirbúningur hófst í nóvember 2015 og var ýmis búnaður smíðaður t.d. krókar, herðatré og keyptir voru 2x15 t flotbelgir. Áætlað var að björgun flaksins tæki 10-15 daga við bestu aðstæður en björgunaraðgerðin tók aðeins níu daga. Flakið var fyrst flutt á grynningar í júní 2016 til að undirbúa það fyrir upptöku og síðan til Ísafjarðar þar sem því var fleytt og tekið á land til rannsóknar. Eftirfarandi ljósmyndir sýna Jón Hákon koma upp á yfirborðið í Ísafjarðarhöfn þann 17. júní 2016.



Landhelgisgæsla Íslands (LHG) aðstoðaði RNSA við að ná flakinu upp og lagði til varðskipið Þór auk sérhæfðs mannskaps til verksins. Þá var einnig leitað aðstoðar aðila með reynslu í upptöku flaka af hafsbótmi.


Heildarkostnaður við verkefnið liggur ekki fyrir.

## Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2016

Samkvæmt upplýsingum frá SÍ voru 213 slys á sjómönnum skráð á árinu 2016 en voru 219 á árinu 2015. Um er að ræða um 3% fækkun miðað við árið áður en 21% undir meðaltali árunum 2005 til 2015.

### Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ og RNSA 2004-2016

Á súluritinu hér að neðan er fjöldi skráninga hjá SÍ og RNSA á árunum 2005-2016.



Skráð slys á sjómönnum og rannsökuð hjá RNSA á árinu 2016 er hlutfallslega um 25% af tilkynntum slysum til SÍ en voru um 23% á árinu áður. Meðaltal rannsakaðra slysa á sjómönnum frá því að ný lög tóku gildi árið 2000 til loka árs 2016 er um 22%.

### Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ 2000-2016


Þróun í þessum eignum hefur verið mjög jákvæð undanfarin ár en frá árinu 2000, þegar ný lög og nýjar áherslur urðu á rannsóknum sjóslysa. Hefur tilkynntum slysum fækkað umtalsvert. Meðaltal tilkynntra slysa á sjómönnum til SÍ á árunum 2000 – 2015 eru um 301 og eru slys á árinu 2016 talsvert undir því meðaltali eða um 29%.

Tilkynnt slys á sjómönnum frá árinu 2000 – 2016 til Tryggingastofnunar Íslands og síðan Sjúkratrygginga Íslands eru samtals 5.033.

RNSA telur ástæðu til að nefna að margar útgerðir hafa tileinkað sér og innleitt öryggiskerfi um borð í skipum sínum sem hafa borið góðann árangur í fækkun slysa. Ekki má gleyma árangri Slysavarnaskóla sjómanna í öryggismálum sjómanna.

## AÐILAR SEM TILKYNNNA EIGA ATVIK TIL RNSA 2005 – 2016

RNSA hefur frá árinu 2005 flokkað hvaðan tilkynningar á atvikum koma til nefndarinnar og hún fjallar um. Er fróðlegt að sjá, í súluritinu, hvernig þróunin hefur verið á þessum árum og tilkynningum fjölgar frá tengdum aðilum.



Hlutfall upplýsinga um atvik, sem fengnar eru úr fjölmíðlum, eru nú um 4% en voru 55% þegar mest var en það var árið 2007. Tilkynningar frá aðilum sem tengjast sjávarútvegnum þ.e.a.s. Vaktstöð siglinga, útgerðum, skipstjórum og slösuðum er nú um 80% en var 17% á árinu 2007.

Á árinu 2016 voru tilkynningar til RNSA 42% frá Vaktstöð siglinga, um 32% frá skipstjórum og um 14% frá lögregluembættum landsins.

Þótt þetta sé jákvæð þróun vantar mikið á að skipstjórnendur sinni skyldum sínum til tilkynninga á slysum eins og lög kveða á um. Nefndin hefur markvisst hvatt sjómenn og útgerðaraðila að virða skyldur sínar um tilkynningu atvika til RNSA. Nefndin hefur bent á að þó atvik virðist í huga manna vera lítilfjörleg þá er skráning þeirra mikilvæg í forvarnarskyni í baráttunni við að auka öryggi á sjó.

Í ljósi þróunar undanfarinna ára virðist sem skilningur aðila í sjávarútvegi sé að aukast á mikilvægi skráningarskyldunnar.

## ERLENT STARF 2016

### Námskeið erlendis

Starfsmaður fór í apríl á færninámskeið í rannsóknum sjóslysa (*Accident Investigation core skills Course*) sem skipulagt var af European Maritime Safety Agency (EMSA ) í Lissabon.

### EMSA úttekt

Daganna 30. maí – 1. júní 2016 komu tveir fulltrúar frá EMSA til að kanna með innleiðingu á tilskipun 2009/18/EB um rannsóknir á sjóslysum.

Markmið úttektarinnar var að greina að hvaða marki gildandi kerfi á Íslandi uppfylltu tiltekin ákvæði tilskipunarinnar og veita almennt yfirlit yfir gæði kerfisins sem og að leggja mat á skilvirkni tilskipunarinnar með hliðsjón af tilgangi hennar.

Helstu niðurstöður þessarar úttektar voru m.a. atriði sem höfðu ekki verið lögleidd í innlenda löggjöf með fullnægjandi hætti og að Ísland hefði aðeins tekið þátt í tveimur fundum af sex hjá samtökum Permanent Cooperation Framework) (PCF sem er svokallað „*Varanlegt samstarf*“ Evrópuríkja. Skýringin á þessu er sú að á þessum tíma var undirbúningur og sameining rannsóknarnefndanna í gangi sem tók nokkurn tíma og hafði áhrif á starfsemina með ýmsum hætti. Einnig voru gerðar athugasemdir um að Ísland hefði ekki fært í evrópskan gagnagrunn fyrir sjóslys, The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP). Um nokkurt skeið hafði verið unnið að því að Samgöngustofa tæki þessa skráningu í EMCIP að sér vegna umfangs þessa starfs en það hafði ekki gengið í gegn. Í lok ársins var þetta málefni sett í gang hjá Samgöngustofu. (Er ekki alveg ljóst að þessi skylda hefur ávallt verið “a höndum Samgöngustofu sem annast öll alþjóðasamskipti á sviðum siglinga fyrir hönd stjórnvalda)

### MAIIF - Alþjóðasamtök

Starfsmaður sótti árlega ráðstefnu *Marine Accident Investigators International Forum* (MAIIF) sem haldin var í Hamborg í Þýskalandi daganna 29. – 2. september. Á ráðstefnum hjá MAIIF er m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekinn eru fyrir ýmis málefni sem varðar rannsóknir sjóslysa.

*MAIIF eru alþjóðleg samtök sem voru stofnuð í Kanada 1992 og er megin tilgangur þeirra að skapa vettvang til að efla rannsóknir sjóslysa og koma á tengslum og efla samstarf milli rannsóknaraðila. Aðildarríki samtakanna eru 55 og ljóst að stofnun þeirra hefur sannað gildi sitt í samvinnu ríkja við rannsóknir sjóslysa. Vefslóð MAIIF er: [www.maiif.org](http://www.maiif.org)*

### EMAIF - Evrópusamtök

Á árinu var einnig sóttur árlegur fundur *European Marine Accident Investigators International Forum* á Ítalíu daganna 13. – 14. apríl. Á fundinum var m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis innan Evrópu á liðnu ári auk þess sem tekin voru fyrir ýmis málefni sem varðar rannsóknir sjóslysa.

*EMAIF er Evrópudeild rannsóknaraðila á sjóslysum innan MAIIF og voru stofnuð í Helsinki 2005.*

## SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2016

Eins og áður hefur komið fram voru skráð atvik hjá RNSA 104 árið 2016 en þar af gerðust 13 þeirra á árinu 2015. Öll atvik sem berast RNSA eru skráð og flokkuð en þau má skoða á vef nefndarinnar, [www.rnsa.is](http://www.rnsa.is).

Eftirfarandi tafla sýnir öll skráð mál RNSA á árinu 2016 og er þeim raðað í tímaröð.

Dags.	Skip	Atvik	BT	Tegund skips
8.jan.15	Goðafoss	Slys á fólki	14664	Flutningaskip
3.feb.15	Ágúst GK 95	Slys á fólki	601	Línuveiðiskip
2.júl.15	Kap VE 4	Slys á fólki	1085	Togveiðiskip
22.ágú.15	Tómas Þorvaldsson GK 10	Slys á fólki	504	Línuveiðiskip
17.sep.15	Amma Kibba / RIB bátur	Slys á fólki	16	Farþegaskip
24.sep.15	Sturla GK 12	Slys á fólki	671	Línuveiðiskip
10.nóv.15	Brúarfoss	Slys á fólki	7676	Flutningaskip
13.nóv.15	Goðafoss	Slys á fólki	14664	Flutningaskip
23.nóv.15	Goðafoss	Slys á fólki	14664	Flutningaskip
27.nóv.15	Brúarfoss	Slys á fólki	7676	Flutningaskip
5.des.15	Lagarfoss	Slys á fólki	10106	Flutningaskip
12.des.15	Lagarfoss	Slys á fólki	10106	Flutningaskip
14.des.15	Valdimar GK 195	Slys á fólki	569	Línuveiðiskip
5.jan.16	Sæfugl ST 81	Strandar	8,28	Línuveiðiskip
6.jan.16	Fróði II ÁR 38	Vélarvana	356	Togveiðiskip
10.jan.16	Helga María AK 16	Slys á fólki	1470	Togveiðiskip
16.jan.16	Sturla GK 12	Slys á fólki	671	Línuveiðiskip
27.jan.16	Sturla GK 12	Slys á fólki	671	Línuveiðiskip
2.feb.16	Brynjólfur VE 3	Slys á fólki	532	Togveiðiskip
5.feb.16	Sturlaugur H Böðvarsson AK 10	Slys á fólki	712	Togveiðiskip
8.feb.16	Jón Vídalín VE 82	Slys á fólki	809	Togveiðiskip
15.feb.16	Sævar	Slys á fólki	149	Ferja
18.feb.16	Vinur SH 34	Annað atvik	7,7	Línuveiðiskip
21.feb.16	Brúarfoss	Slys á fólki	7676	Flutningaskip
22.feb.16	Fjölur GK 657	Vélarvana	319	Línuveiðiskip
22.feb.16	Jón Vídalín VE 82	Slys á fólki	809	Togveiðiskip
24.feb.16	Brúarfoss	Slys á fólki	7676	Flutningaskip
25.feb.16	Jorunn B	Strandar	8,4	Handfærabátur
29.feb.16	Hringur SH 153	Slys á fólki	481	Togveiðiskip
2.mar.16	Hoffell SU 80	Slys á fólki	1776	Nótaveiðiskip
2.mar.16	Ólafur Bjarnason SH 137	Slys á fólki	201	Netaveiðiskip
12.mar.16	Vestri BA 63	Slys á fólki	293	Skelfiskskip
16.mar.16	Kristín GK 457	Vélarvana	401	Línuveiðiskip
18.mar.16	Selfoss	Slys á fólki	7676	Flutningaskip
23.mar.16	Sólrún EA 151	Slys á fólki	26,57	Netaveiðiskip
15.apr.16	Guðmundur í Nesi RE 13	Eldur um borð	2464	Togveiðiskip

Dags.	Skip	Atvik	BT	Tegund skips
20.apr.16	Hafey SK 10	Tók niðri	7,18	Grásleppuveiðiskip
21.apr.16	Þristur GK 30	Strandar	3,71	Skemmtibátur
25.apr.16	Guðmundur Jónsson ST 17	Banaslys	11,2	Grásleppuveiðiskip
25.apr.16	Gunnar Bjarnason SH 122	Slys á fólki	122	Dragnótaskip
28.apr.16	Sturla GK 12	Slys á fólki	671	Línuveiðiskip
2.maí.16	Selfoss	Slys á fólki	7676	Flutningaskip
7.maí.16	Selfoss	Slys á fólki	7676	Flutningaskip
11.maí.16	Brekkunes ÍS 110	Sekkur og banaslys	5,92	Handfærabátur
11.maí.16	Dalborg EA 317	Vélarvana	10,96	Handfærabátur
11.maí.16	Ölduljón / RIB bátur	Slys á fólki	16	Farþegaskip
15.maí.16	Valur ÍS 20	Slys á fólki	25	Skelfiskskip
16.maí.16	Haukur / skúta	Tók niðri	19,9	Farþegaskip
25.maí.16	Einar Hálfðáns ÍS 11	Vélarvana	14,95	Línuveiðiskip
26.maí.16	Skáley SH 300	Vélarvana	4,27	Handfærabátur
26.maí.16	Straumur NS 16	Vélarvana	3,97	Handfærabátur
27.maí.16	Svanur ÍS 413	Annað atvik	3,46	Skemmtibátur
28.maí.16	Einar Hálfðáns ÍS 11	Vélarvana	14,95	Línuveiðiskip
31.maí.16	Náttfari	Slys á fólki	57	Farþegaskip
1.jún.16	Arnar VE 38	Vélarvana	6,42	Handfærabátur
2.jún.16	Benni Sæm GK 26	Slys á fólki	116	Dragnótaskip
5.jún.16	Hafdís	Vélarbilun	11,02	Björgunarskip
6.jún.16	Sindri RE 46	Vélarvana	11,49	Handfærabátur
6.jún.16	Víðir ÞH 201	Vélarvana	5,59	Handfærabátur
6.jún.16	Slyngur EA 74	Vélarvana	4,88	Handfærabátur
7.jún.16	Elborg SH 370	Vélarvana	4,97	Handfærabátur
7.jún.16	Eldey BA 96	Vélarvana	4,95	Handfærabátur
7.jún.16	Atlas SH 660	Vélarvana	5,55	Handfærabátur
9.jún.16	Þór	Slys á fólki	3920	Varðskip
13.jún.16	Glaður SU 97	Vélarvana	8,64	Handfærabátur
13.jún.16	Þytur ST 14	Vélarvana	3,71	Handfærabátur
14.jún.16	Bára HF 78	Vélarvana	4,85	Handfærabátur
14.jún.16	Brimir SU 158	Vélarvana	12,94	Handfærabátur
16.jún.16	Bára ÍS 48	Vélarvana	5,94	Handfærabátur
24.jún.16	Margrét ÓF 49	Sekkur - leki	5,44	Handfærabátur
25.jún.16	Bravo VE 160	Vélarvana	5,82	Handfærabátur
28.jún.16	Sólfar II	Vélarvana	4,46	Farþegaskip
28.jún.16	Sæborg	Slys á fólki	36	Farþegaskip
1.júl.16	Jötunn	Slys á fólki	95,7	Dráttarbátur
5.júl.16	Guðrún BA 127	Vélarvana	9,4	Handfærabátur
6.júl.16	Salómon Sig ST 70	Vélarvana	8,21	Handfærabátur
9.júl.16	Þinganes ÁR 25	Vélarvana	262	Togveiðiskip
11.júl.16	Seigur II EA 80	Vélarvana	4,57	Handfærabátur
13.júl.16	Böddi	Vélarvana	4,33	Skemmtibátur

Dags.	Skip	Atvik	BT	Tegund skips
23.júl.16	Vésteinn / skúta	Strandar	12,67	Farþegaskip
23.júl.16	Tumi EA 84	Vélarvana	9,06	Handfærabátur
27.júl.16	Dröfn	Strandar	185,5	Rannsóknarskip
3.ágú.16	Haukur / skúta	Annað atvik	19,9	Farþegaskip
11.ágú.16	Eyjólfur Ólafsson HU 100	Strandar	7,7	Handfærabátur
11.ágú.16	Sunnutindur SU 95	Vélarvana	14,96	Línuveiðiskip
15.ágú.16	Rifsnes SH 44	Slys á fólki	776	Línuveiðiskip
15.ágú.16	Sturla GK 12	Slys á fólki	671	Línuveiðiskip
17.ágú.16	Sylvía / Náttfari	Ásigling í höfn	27	Farþegaskip
23.ágú.16	Gullberg VE 292	Slys á fólki	600	Togveiðiskip
30.ágú.16	Höfrungur III AK 25	Slys á fólki	1521	Togveiðiskip
9.sep.16	Dagný ST 13	Vélarvana	22,3	Skemmtibátur
10.sep.16	Skógafoss	Slys á fólki	7545	Flutningaskip
14.sep.16	Sturlaugur H Böðvarsson AK 10	Slys á fólki	712	Togveiðiskip
5.okt.16	Sólfar II	Slys á fólki	4,46	Farþegaskip
9.okt.16	Rifsnes SH 44	Strandar	776	Línuveiðiskip
13.okt.16	Árni Friðriksson RE	Slys á fólki	2233	Rannsóknarskip
14.okt.16	Gnúpur GK	Vélarbilun	1141	Togveiðiskip
14.okt.16	Vilhjelm Þorsteinsson EA 11	Vélarbilun	3239	Togveiðiskip
19.okt.16	Dettifoss	Slys á fólki	14664	Flutningaskip
22.okt.16	Jaki SF hjólabátur	Slys á fólki	10,2	Farþegaskip
1.nóv.16	Sóley	Slys á fólki	1705	Dýpkunarskip
9.nóv.16	Sturlaugur H Böðvarsson AK 10	Slys á fólki	712	Togveiðiskip
2.des.16	Sandra SU 1	Vélarvana	8,4	Farþegaskip
8.des.16	Knolli BA 8	Slys á fólki	21,2	Skelfiskskip



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík  
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is